

Föstudaginn 11. mars 1988.

Nr. 53/1987. Y

(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.)
gegn

X

(Guðmundur Pétursson hrl.)

Einkarefsimál. Sönnun. Ærumeiðing. Nauðgun. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Guðmundur Jónsson, Guðmundur Skaftason og Guðrún Erlendsdóttir og Hjörtur Torfason settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 10. febrúar 1987. Hann krefst sýknu og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefnda krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Stefnda kærði áfrýjanda fyrir nauðgun vegna atburðar þess, sem átti sér stað fimmtudaginn 14. nóvember 1985. Er lýsing stefndu á því sem gerðist rakin í héraðsdómi. Áfrýjandi hefur ávallt neitað því að hafa beitt stefndu ofbeldi heldur hafi hún verið samförum samþykkt. Embætti ríkissaksóknara tilkynnti stefndu hinn 22. apríl 1986, að af þess hálfu væri ekki krafist frekari aðgerða. Stefnda höfðaði síðan mál þetta með vísan til 234. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, svo sem heimilt er samkvæmt 3. tl. 242. gr. laganna.

Í stefnu eru tilgreindar sem málsástæður, að áfrýjandi hafi hinn 14. nóvember 1985 móðgað stefndu með broti á 194. gr. almennra hegningarlaga, svo og 217. gr. sömu laga, og viðhaft opinberlega aðdróttanir og móðganir. Var á því byggt í stefnu að áfrýjandi hafi með þessu brotið gegn ákvæðum 234. gr. almennra hegningarlaga, svo og 235. gr. og 1. mgr. 236. gr. laganna, en krafa stefndu um miskabætur væri byggð á 1. mgr. 264. gr. laganna. Fyrir Hæstarétti var haldið fast við það af hálfu stefndu, að atferli áfrýjanda félli undir verknaðarlýsingu 194. gr. almennra hegningarlaga.

Í máli þessu er í raun dæmt um það, hvort áfrýjandi hafi framið verknað, sem varði við ákvæði 194. gr. almennra hegningarlaga.

Í vottorði Arnars Haukssonar læknis, sem skoðaði stefndu samdægurs, segir m.a. svo: „X er rauð og þrútin í andliti, ekki bara um augun, heldur og kinnar og haka. Ekki er að sjá marbletti eða áverka á hálsi, né á fingrum eða úlnlið, en sjúklingur er aum við þreifingu á vinstri úlnlið. Engin sýnileg ytri meiðsl.“

Telja verður ósannað, að atferli áfrýjanda hafi verið með þeim hætti, að það falli undir verknaðarlýsingu 194. gr. almennra hegningarlaga. Þá er og ósannað, að athafnir áfrýjanda að öðru leyti, á meðan þau dvöldust ein í íbúð stefndu, varði við önnur þau ákvæði almennra hegningarlaga, sem byggt er á. Samkvæmt þessu ber að sýkna áfrýjanda af kröfum stefndu í málinu. Eftir atvikum er rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fallir niður.

D ó m s o r ð:

Áfrýjandi Y á að vera sýkn af kröfum stefndu, X, í máli þessu.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

S é r a t k v æ ð i

hæstaréttardómara Guðmundar Skaftasonar og Hjartar Torfasonar setts hæstaréttaradómara.

Stefnda byggði þegar í héraðsdómsstefnu á því að meingerð áfrýjanda gagnvart sér varðaði við 234. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og hefur hún á því byggt síðan. Þegar litið er til efnispáttta hins ætlaða brots, annarsvegar hins líkamlega ofbeldis og hinsvegar til hins sálræna þáttar þess, þykir það, þótt eigi yrði komið fram áfellsdómi í málinu er reistur yrði á 194. gr. almennra hegningarlaga, ekki varna því að stefnda geti komið fram refsikröfu eftir áðurgreindri 234. gr. almennra hegningarlaga og skaðabótakröfu eftir 264. gr. sömu laga. Það athugast að í hinum áfrýjaða dómi eru rakin áverkavottorð stefndu og lækni átti sæti í dómnum. Áfrýjandi hefur jatað að hafa reynt að hafa kynmök við stefnda er komið var heim til hennar. Telja verður í ljós leitt að deila hafi risið milli þeirra áður en stefnda fór úr íbúðinni. Áfrýjandi hefir engar skýringar á því gefið hvað valdið hafi þeirri misklíð. Að þessu athuguðu ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm með vísun til for-

sendna hans, þó svo að vararefsing sektar ákveðist 35 dagar verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Dæma ber áfrýjanda til að greiða stefndu málskostnað fyrir Hæstarétti 50.000,00 krónur.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 22. desember 1986.

Mál þetta, sem dómtekið var þann 11. desember sl., hefur X höfðað með stefnu birtri 12. maí sl. á hendur Y.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru að stefndi verði dæmdur til:

- 1) Þyngstu refsingar sem lög leyfa.
- 2) Greiðslu miskabóta að fjárhæð kr. 500.000,00 með dómvöxtum frá stefnubirtingu til greiðsludags.

3) Auk þess málskostnaðar að skaðlausu skv. lágmarksgjaldskrá LMFÍ.

Af hálfu stefnda eru þær dómkröfur gerðar að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og tildæmdur málskostnaður úr hennar hendi skv. gjaldskrá LMFÍ.

Sátt hefur verið reynd án árangurs.

Stefnandi höfðar mál þetta skv. 234. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og byggir málatilbúnað sinn endanlega á því að stefndi hafi meitt æru hennar með því að þröngva henni til holdlegs samræðis að þáverandi heimili hennar ... í Reykjavík þann 14. nóvember 1985. Þá krefst hún miskabóta skv. 1. mgr. 264. gr. sömu laga vegna sama atburðar.

Stefndi mótmælir harðlega ásökunum stefnanda.

Rannsókn þessa atburðar fór fram hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins, og eru gögn þess máls lögð fram á dskj. nr. 3. Með bréfi dags. 10. febrúar 1986 sendi Rannsóknarlögregla ríkisins gögn málsins til ríkissaksóknara sem með bréfi 22. apríl 1986 tók fram að af ákærvaldsins hálfu væri eftir atvikum eigi krafist frekari aðgerða í málinu.

Stefnandi lýsir aðdraganda og atburðinum sjálfum svo:

„Y, hinn ákærða í þessu tilfelli, þekkti ég vel fyrir u.þ.b. 10 árum. Við stóðum í ástarsambandi í u.þ.b. eitt og hálft ár en við fluttum aldrei saman, þar sem hann lifði nokkuð óreglulegu lífi. Ég gat aldrei sætt mig við þetta til fulls og þar sem ég sá að hann var ekki tilbúinn að búa með mér á reglulegan máta, eins og flest fólk, sleit ég loks sambandinu, þó svo að mér þætti samt vænt um hann áfram. Mér þótti leitt að sjá hvernig hann var að fara með líf sitt og vildi ekki láta hann hafa slík áhrif á mig.

Ég heyrði ekkert frá honum fyrr en ég kom frá Frakklandi eftir hálfs árs dvöl haustið 1979 og hafði ég þá samband við hann. Ég hóf nám í öldungadeild M.H. það haust og þar sem ég ákvað að taka tveggja ára nám á einum vetri hafði ég mikið að gera í náminu. Við hittumst nokkur

skipti þetta haust en fljótlega fór að bera á drykkju hans og þegar hann kom mjög drukinn til að sækja mig úr skólanum eitt kvöldið gat ég ekki hugsað mér áframhald og sleit sambandinu endanlega.

Síðan heyrði ég ekkert meir af honum fyrr en ég heyrði lát móður hans í ágúst á síðasta ári 1985. Þar sem ég hafði kynnst henni áður sendi ég honum samúðarkort. Hann hafði svo samband við mig á afmælisdegi mínum, 7. sept. það ár, um kvöldið, og vildi fá að hitta mig. Var hann þá nýkominn úr ferð frá Grikklandi. Ég samþykkti það að lokum og hittumst við sama kvöld og var hann hjá mér um nóttina. En við vorum bæði sammála strax á eftir að halda þessu ekki áfram. Hann hafði hætt að drekka 4 árum áður og hafið sambúð með barnsmóður sinni sem hann hafði endurvakið kynnin við. Honum gekk nú vel og var ég ánægð hans vegna. En hann var samt byrjaður að drekka aftur og þótti honum sjálfum það mjög miður og vildi bæta það. Skildum við svo en áður talaði hann um að gefa mér matarstell frá Glit sem ég hafði lýst hrifningu minni af. Ég hvatti hann ekki né latti og eyddi því máli að ég hélt.

Ég heyrði ekki meir frá honum fyrr en hann hringir í vinnuna til mín í nóvember sama ár og vildi hitta mig í hádeginu. Var hann drukinn og var ég ekki hrifin að hitta hann í slíku ástandi. Hann hefur mjög gott lag á fólki og getur talað margan til ef hann ætlar sér það, og verð ég að viðurkenna að honum tókst það með mig. Samþykkti ég að hitta hann í matartímanum mínum en þar sem ég var billaus ákvað hann að koma í leigubil. Kom hann upp á skrifstofu til mín og þá fyrst sá ég hversu drukinn hann var og taldi víst að hann hefði vakað eitthvað nóttina áður að einhverju sumbli. Ákvað ég að fara með hann heim og gefa honum kaffi, hressa hann við og koma honum svo heim til sín. Hann var mikið að tala um matarstellið og baðst afsökunar að hafa ekki staðið við loford sitt.

Eyddi ég því aftur og fórum við í leigubílnum heim. Á leiðinni var hann að fá mig til að samþykkja samfarir þegar við kæmum heim en ég neitaði því og reyndi að tala um eitthvað annað. Þar sem ég hafði þekkt hann náið og hann hafði virt mig sem konu, hafði ég enga ástæðu til að ætla að hann myndi beita mig valdi ef ég neitaði honum. Ég borgaði bilinn, þar sem Y var auralaus, og fórum við upp til mín. Ég fór til að hella upp á könnuna en tókst ekki að kveikja á henni þar sem hann vildi fá mig í rúmið með sér og tók utan um mig. Ég fór að streitast á móti og bentu honum á að ég hefði stuttan matartíma og yrði að vera kominn ekki seinna en klukkan eitt aftur í vinnuna og gæti því ekki samþykkt þetta.

Fór hann að æsast upp og tók fastar á en ég streitist meir á móti. Hann tók undir olnbogana og hálfbar mig inn í herbergi og fór að reyna að klæða mig úr. Ég bað hann að gera þetta ekki og sagði að ég vildi þetta ekki. Talaði ég um sambýliskonu hans og minnti hann á samkomulag okkar sem

við hefðum gert síðast þegar við hittumst. En hann hlustaði ekki á það og hélt áfram að toga í fötin mín og fá mig til samfara. Ég var orðin reið og fór að streitast vel á móti og komst frá honum en hann reif í mig aftur og henti mér á rúmið. Ég bað hann sífellt að hætta þessu, að ég vildi þetta ekki, en hann lét sem hann heyrði það ekki. Þetta gerði hann enn ákveðnari að fá sínu framgengt og fór hann þá að snúa upp á vinstri hönd mína. Herti hann á þegar ég reyndi að losa mig. Var þetta sárt og fór ég að verða hrædd við hann. Hann náði að lyfta pilsinu mínu upp, en honum hafði ekki tekist að ná því niður þar sem bönd voru um axlirnar og hann náði ekki að losa um þau. Átökin héldu áfram en honum tókst að ná sokkabuxum og nærbuxum mínum niður og fara sjálfur úr buxum sínum. Blússan mín rifnaði við átökin. Ég hélt áfram að berjast við hann, biðja hann að hætta en hann fór að reyna að æsa mig upp með orðum og hóf samfarir. Ég var farin að gráta og vildi alls ekki trúa því að þetta væri að gerast. Hann var það drukkin að hann varð að byrja fjórum sinnum samfarirnar því að honum tókst ekki að hafa sáðlát. Hann snéri miskunnarlaust upp á hendina ef ég reyndi að komast frá honum og ég var farin að gráta hástöfum og vonaðist að einhver heyrði í mér. Ég fór að finna til hjálparleysis míns og þegar hann tók kverkataki á mér og hótaði að herða að ef ég berðist svona áfram, gafst ég upp og hætti að berjast um þar til að hann sofnaði frá síðustu tilrauninni. Ég renndi mér undan honum og hljóp fram á baðherbergi. Ég var mjög hrædd og beið eftir að hann kæmi á eftir mér. Læsingin á hurðinni var biluð og beið ég því sem verða vildi. Beið ég þarna í einhverjar mínútur en þegar hann kom ekki fór ég fram og gægdist inn í herbergið í gegnum hengið. Sá ég að hann lá þar og svaf.“

Stefnandi kveðst eftir þetta hafa flýtt sér að klæða sig og farið til kunningjakonu sinnar þar í fjölbýlishúsinu og fengið að hringja hjá henni. Hún hafi sagt henni litillega frá atburðinum en hringt í vinkonu sína, A, sem hafi sagt henni að koma strax. Hún hafi síðan hringt í leigubíl og farið til A. Þaðan var hringt í lögreglu og í kunningja þeirra, B, og fóru B og A með stefnanda út í til að vera þar þegar lögreglan kæmi. Lögreglan hafi hins vegar ekki verið komin þegar þau komu að húsinu og hafi þau þá farið upp og athugað hvort Y væri þarna ennþá. Stefnandi kveðst hafa opnað hurðina inn í íbúðina og farið fyrst inn. Y hafi þá verið þar nakinn í sófanum og verið að tala í símann. Lögreglan hafi síðan komið. Þá hafi Y verið búinn að klæða sig í buxur. Hafi Y þá spurt hvað um væri að vera og talað eins og ekkert hefði í skorist. Þegar lögreglumennirnir tóku að yfirheyra hana í áheyrn Y, og honum hafði skilist að verið væri að kæra hann fyrir nauðgun, hafi hann orðið æstur mjög og tekið að hóta henni og neita atburðinum alfarið.

Að beiðni Rannsóknarlögreglu ríkisins var Arnar Hauksson læknir (sér-

fræðingur í kvensjúkdómum) kvaddur til þess að skoða stefnanda. Vottorð hans liggur fyrir á skjali nr. 10, dskj. nr. 3.

Þá skoðaði Haukur Árnason, læknir á Slysavarðstofu, stefnanda þann 17. nóvember 1985. Vottorð hans kemur fram á skjali nr. 11, dskj. nr. 3.

Aðilar gáfu skýrslur hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins, stefnandi strax á vettvangi og síðar aftur daginn eftir, en stefndi fyrst daginn eftir atburðinn þar sem hann var talinn óviðræðuhæfur sakir ölvunar þegar hann var handtekinn. Stefndi var látinn sæta gæsluvarðhaldi skv. úrskurði saka-dómaraembættisins í Reykjavík til miðvikudagsins 20. nóvember 1985, en þann dag eru aðilar yfirheyrðir á ný og samprófaðir.

Skýrslur gáfu fyrir Rannsóknarlögreglu ríkisins, sem vitni, A, B, C, D og lögreglumennirnir Helgi Sævar Helgason og Viðar Waage.

Stefnandi byggir málssókn sína á skýrslum aðila og vitna gefnum fyrir lögreglu og áður nefndum læknisvottorðum. Við aðalflutning málsins var á því byggt að stefndi hefði brotið gegn persónulegum réttindum stefnanda og frjálsræði. Meðferð stefnda á stefnanda hafi verið gróf og lítilsvirðandi og falli þannig undir ákvæði 234. gr. laga nr. 19/1940. Stefnandi hafi fundist hún niðurlægð og skítug af hans völdum. Stefndi hafi þannig ærumeitt hana í verki.

Af hálfu stefnda er því harðlega mótmælt að hann hafi nauðgað stefnanda og beitt hana ofbeldi. Hann heldur því fram að hún hafi verið samför-unum samþykkt og hafi hann greint það á því að hún hafi sjálf farið úr og lagst sjálf upp í rúm, án þess að hann beitti hana nokkrum líkamsþrýst-ingi. Um þetta efni er vísað nánar til framburðar stefnda fyrir lögreglu á dskj. nr. 3. Því er haldið fram að staðhæfingar stefnanda um þetta efni séu með öllu ósannaðar, enda hafi embætti ríkissaksóknara komist að þeirri niðurstöðu, sbr. dskj. nr. 5. Í raun bendi öll atvik málsins til þess að frásögn stefnda sé í þessu efni rétt. Í þessu sambandi er af hálfu stefnda vitnað til framangreindra læknisvottorða og því haldið fram að þau gögn bendi ekki til þess að átök hafi orðið á milli aðilanna. Þá er því haldið fram að ávirðingar þær sem stefnandi byggir málssókn sína á geti aldrei fallið undir 234. gr. almennra hegningarlaga. Þar sé fjallað um ærumeiðingar. Að vísu sé þar gert ráð fyrir að æra manna kunni að vera meidd með athöfnum í stað orða en það hljóti þó að vera hugtaksatriði að athöfninni sé einkum og dæmigert beint að ærunni. Það komi ekki til greina að teygja megi gildissvið 234. gr. út yfir hvers kyns refsibrot önnur með því að telja þau jafnan fela í sér ærumeiðingar.

Því er haldið fram að framangreind sjónarmið eigi að leiða til sýknu af öllum kröfum stefnanda í málinu. Ennfremur er því haldið fram að dæma beri stefnanda til greiðslu málskostnaðar skv. ákvæðum 177. gr. laga nr. 85/1936.

Í upphafi máls var því mótmælt af hálfu stefnda að stefnandi mætti í meiðyrðamáli þessu færa sönnur fyrir kæru sinni um brot gegn 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Var þetta talið byggjast á lögjöfnun frá 238. gr. þeirra sömu laga. Stefndi hefur síðar fallið frá þessari máls-ástaðu.

Hér fyrir dóminn hafa komið stefnandi og vitnin A og B og staðfest frásagnir sínar sem fram koma í málinu. Skýrslum vitna fyrir rannsóknar-lögreglu hefur ekki verið mótmælt sem óstaðfestum.

Í þinghaldi 10. nóvember sl. var einnig boðað að stefndi kæmi fyrir dóminn til skýrslugjafar en frá því var fallið.

Dómurinn hefur haft sakavottorð stefnda undir höndum.

Álit dómsins:

Stefnandi höfðar mál þetta með heimild í 3. tl. 242. gr. laga nr. 19/1940 sem einkarefsimál. Því er haldið fram að stefndi hafi brotið gegn ákvæði 234. gr. sömu laga, en þar segir: „Hver, sem meiðir æru annars manns með móðgun í orðum eða athöfnum, og hver sem ber slíkt út, skal sæta sektum eða varðhaldi allt að einu ári.“

Í þessu máli verður ekki um það fjallað hvort stefndi hefur brotið gegn öðrum ákvæðum hegningarlaga.

Aðilar eru ein til frásagnar um það er á milli þeirra fór 14. nóvember 1985. Segir stefnandi að stefndi hafi haft samfarir við hana óviljuga. Um atburðarásina er vitnað nánar til skjals 5, dskj. nr. 3. Hann hafi haldið henni niðri er hún reyndi að risa upp og ekki látið segjast þegar hún reyndi að telja um fyrir honum. Þá hafi hann kreist saman á henni höndina og fingurna inn í lófann og hafi hún orðið aum í vinstri hendinni. Hann hafi um eina og hálfa klukkustund haft mök við hana og þegar liða tók á tímann hafi hann verið farinn að ýta á andlit hennar með flötum lófa. Hann hafi tekið hana kverkataki og þrýst að.

Stefndi hafði verið að drekka frá því kvöldinu áður og hafði ekki sofð nema um tvær klukkustundir. Í skýrslu sinni fyrir rannsóknarlögreglu, skjali 6, dskj. nr. 3, segir hann að honum hafi fundist stefnandi samþykkja að hafa við hann samfarir og að hún hafi klætt sig úr sjálf. Hann segir að sér hafi ekki tekist að hafa við hana samfarir. Hann harðneitar að hafa haft samfarir við hana óviljuga og að hafa beitt hana ofbeldi.

Læknisvottorð þykja styðja frásögn stefnanda um harkalega meðferð stefnda.

Í vottorði Arnars Haukssonar læknis, sem skoðaði stefnanda samdægurs, segir:

„Skoðun leiðir í ljós roða og þrota í andliti, eymsli í vinstra úlnlið, svo og yfir lifbeini svo og roða á börmum og í leggöngum.“

Í vottorði Hauks Árnasonar læknis, sem skoðaði stefnanda 17. nóvember 1985, segir: „Hefur þreifieymsli yfir handarbaki III og IV miðhandarbeini, og óbein eymsli á því svæði við beygingu og réttingu í hnúum og úlnlið. Aum yfir beygisinum og utanvert yfir vi. olnboga, einnig eymsli yfir handarbaki. Eymsli hennar um handarbak og olnbogann aukast við fulla snúningshreyfingu í framhandleggnum í báðar áttir (fulla supinatio og pronatio).

Við skoðun á hálsi og andliti sést líka mar á kjálkabarði ...“

Frásögn allra vitnanna, sem sáu stefnanda rétt eftir fund þeirra stefnda, þykja einnig styðja framburð hennar. E, sem bjó í sama húsi og stefnandi og leyfði henni að hringja strax eftir að hún fór úr íbúðinni, segir að stefnandi hafi skolfið og sér hafi sýnst hún kjökrandi. Hún hafi litið undan og ekki látið sjá framan í sig. A, en til hennar hringdi stefnandi frá E og til hennar fór hún strax, segir hana hafa litið hræðilega út, hárið úfið, hún utan við sig, hálfgrátandi, rauðeygð og þrútin í framan.

B, sem kom heim til A að hennar beiðni til aðstoðar, segir stefnanda hafa greinilega verið mjög miður sín og hágrátandi. Lögreglumennirnir sem komu á vettvang eftir að stefnandi hafði kært stefnda sögðu að stefnandi hafi vírst í mikilli geðshræringu. Frásögn vitnanna af lýsingu stefnanda á atburðinum er í flestum atriðum svipuð.

Dóra Hlín Ingólfssdóttir rannsóknarlögreglumaður, sem kölluð var á vettvang, segir í skýrslu sinni að sokkabuxur og nærbuxur hafi legið á gólfi fyrir framan rúmið, vafðar saman. Stefnandi hafi verið í pilsu og blússu hnepptri. Rifið hafi verið út úr einu hnappagatinu. Stefnandi hafi grátið mikið og verið miður sín.

Aðilar eru vel kunnug og höfðu staðið í ástarsambandi fyrir um það bil 10 árum og endurnýjað þessi kynni síðar, síðast í september 1985, en þá verið sammála um að stofna ekki til frekara sambands. Af því sem hér hefur sérstaklega verið tekið fram og öðrum gögnum málsins þykir nægilega fram komið að stefndi hafi með athöfnum sínum brotið gegn frelsi stefnanda og vanvirt hana kynferðislega. Athafnir hans þykja hafa verið til þess fallnar að skerða sjálfsímynd stefnanda og þykja þannig brýnt brot á ákvæði 234. gr. laga nr. 19/1940. Hann þykir því eiga að sæta refsingu sem þykir hæfilega ákveðin kr. 75.000,00 í sekt til ríkissjóðs. Samkvæmt 53. gr. laga nr. 19/1940, eins og henni var breytt með 7. gr. laga nr. 101/1976, ákveðst að 50 daga varðhald komi í stað sektarinnar, ef hún er ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Stefnandi byggir miskabótakröfu sína á því að við atburðinn hafi hún orðið fyrir miklu andlegu álagi og hafi hún meðal annars átt erfitt með að vera heima fyrst eftir þetta og leitað því í Kvennaathvarfið. Þá hafi hún átt erfitt með vinnu fyrst á eftir þar sem hún hafi verið svo aum í

vinstri hendinni eftir stefnda. Hún segir að sér hafi fundist sjálfsvirðing sín niðurbrotin. Í aðilaskýrslu hennar hér fyrir dómi segir hún atburðinn hafi haft neikvæð áhrif á tengsl sín við karlmenn. Hún sé ákaflega viðkvæm gagnvart þeim og sífellt á varðbergi gegn því að vera niðurlægð eða særð. Hún hefur skipt um vinnu og íbúð. Ekki liggur fyrir vottorð lækni um núverandi andlegt ástand hennar.

Þar sem stefndi hefur þannig gerst sekur um refsiverða meingerð gegn stefnanda þykir rétt með heimild í 1. mgr. 264. gr. laga nr. 19/1940 að dæma hann til að greiða henni miskabætur sem hæfilega þykja ákveðnar með tilliti til gagna málsins kr. 170.000,00 og hefur þá verið tekið tillit til vaxta og verðbreytinga til dómsuppsögu. Rétt þykir að taka vaxtakröfu stefnanda til greina frá dómsuppsögu til greiðsludags.

Samkvæmt þessari niðurstöðu þykir rétt að stefndi greiði stefnanda kr. 50.000,00 í málskostnað.

Það athugast að stefnu og greinargerð í máli þessu er mjög ábótavant. Í stefnu vantar nær alveg lýsingu málavaxta og greinargerð er ruglingsleg og illskiljanleg. Það varð þannig ekki fyrr en stefnandi hafði skipt um lögmann að lag komst á málalíbúnað hennar. Þar sem ítarleg lögreglurannsókn lá fyrir frá upphafi og þar sem lag komst á málalíbúnað stefnanda fyrir og við aðalflutning þykir upphaflegur málalíbúnaður ekki eiga að hafa réttarfarslegar afleiðingar fyrir hana.

Hrafn Bragason borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendunum Jens A. Guðmundssyni lækni og Mariu Þorgeirsdóttur félagsráðgjafa.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Y, greiði kr. 75.000,00 í sekt til ríkissjóðs og komi 50 daga varðhald í stað sektarinnar ef hún er ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Stefndi, Y, greiði stefnanda, X, kr. 170.000,00 í miskabætur með dómvöxtum, eins og þeir eru ákveðnir á hverjum tíma, frá dómsuppsögu til greiðsludags og kr. 50.000,00 í málskostnað — allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að telja að viðlagðri aðför að lögum.